

Alþingi
Erindi nr. P 141/259
komudagur 30.10.2012

Til allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis

Nefndasvið

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Reykjavík, 28. október 2012.

Ágæta nefndarfólk

Til umfjöllunar er mál nr. 132 um breytingu á lögum nr. 108/1999 um skráð trúfélög, áður mál nr. 509.

Í upphafi vil ég undirstrika að innsend umsögn frá því í mars sl. gildir enn og á hún að vera í fórum sviðsins. Ef ekki, er velkomnið að senda hana aftur.

Á frumvarpinu, sem nú er lagt fram aftur, hafa verið gerðar lítilsháttar breytingar á 4. grein, væntanlega til að leitast við að koma í veg fyrir að hvaða félag sem er geti óskað eftir skráningu sem lífsskoðunarfélag. Breytingarnar eru hins vegar svo lítils háttar að þær hindra ekki að fjölmörg félög geti gert örlitlar breytingar á starfsemi sinni, eins og að bjóða upp á manndómsvígslu, til að uppfylla skilyrði fyrir skráningu. Sé tilgangur frumvarpsins fyrst og fremst að koma til móts við óskir Siðmenntar, eins og fram kemur í greinargerð, þá liggur beinast við að orðinu *lífsskoðunarfélag* verði skipt út fyrir orðið *félag um trúleysi*. Slík breyting myndi leysa þann vanda að hvaða félag sem væri gæti óskað eftir skráningu sem lífsskoðunarfélag.

Þá er óhjákvæmilegt að ítreka, að standi vilji Alþingis í raun og veru til þess að jafna stöðu þeirra félaga sem frumvarpið kveður á um, þá getur Alþingi ekki talið eðlilegt að trúfélög beri tekjutap sem ríkissjóður er ekki tilbúinn til að bera. Alþingi verður að stíga skrefið til fulls og sýna vilja sinn í verki með auknu fjármagni til þessa málaflokks, sem samsvarar þeim fjölda einstaklinga sem koma til með að tilheyra nýjum félögum.

Loks vil ég geta þess að fyrst frumvarpið var lagt fram aftur, hefði farið betur á að greinargerðin yrði endurskoðuð og endurrituð því að vísað til umsagnar Hjalta Hugasonar frá því í apríl 2011 um breytingar á stjórnarskrá, sem koma frumvarpinu ekki við, og eru óviðeigandi enda mikið vatn runnið til sjávar hvað stjórnarskrármálið varðar frá því í apríl 2011.

Með vinsemd,

Dögg Harðardóttir

170565-4609

Lindarbyggð 9

270 Mosfellsbær